

Bekkur: 4. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar - lífsleikni

Kennarar: Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir

Tímalfjöldi: 3 kennslustundir



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námstögn: Komdu og skoðuðu landnámið, Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti, Ísland áður fyrr - fjölskyldan, störfín og heimilið, Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna, Námsefnið Verkferakistan, verkefni tengd Uppeldi til ábyrgðar t.d. lífsgildi, bekkjarsáttmáli, þarfir, reglur og hlutverk ásamt ítarefni frá kennurum.

Lykilhæfni: Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|--|---|--|--|
| Reynsluheimur – umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.geti aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengi.geti sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.geti lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.þjálfist í að ræða um samfélagið og nota valin hugtök í því samhengi.veldi fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.geti bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.varist hættur á heimili sínu og í nágrenninu.veldi fyrri sér einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.geti bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.komi auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.komi auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið. | Námsefnið verður unnið á fjölbreyttan hátt, það samþættist að mestu við aðrar námsgreinar. Einstaklings- og hópvinna, gagnvirk verkefni, umræður, myndsköpun, ritun og vettvangsferðir. | Leiðsagnarmat, símat, sjálfsmat, verkefni og vinnubækur, þátttaka og vinnubrögð. |

| | | | |
|---|--|---|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> • þjálfist í að lýsa kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu. | | |
| Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum | <ul style="list-style-type: none"> • geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. • átti sig á og lýsi ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. • geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. • geti bent á hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim. • þjálfist í að gera sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. • geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti. • geti sett sig í spor annarra jafnaldra. • bendi á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann. • geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans. • geti sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna. | | |
| Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra | <ul style="list-style-type: none"> • geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. • þjálfist í að ræða um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýni ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. • geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. • geti hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir. • þjálfist í að tjá þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. • geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. • þjálfist í að ræða um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. • átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. • geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur. | Samvera með vinabekk, bekkjarfundir, framsögn, verkefnavinna og almennar umræður. | Þátttaka í kennslustundum, hegðun, framkoma og samskipti í skólanum. |